

1872.

15. júní.

67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk til þess að bæta smjör- og ostatilbúning á Íslandi.

Útaf bænarskrá, sem hingað hefir borizt, hefir dómsmálastjórnin veitt cand. phil. Skapta Jósepssyni 100 rd. styrk til þess að kaupa áhöld, sem höfð verða við tilraunir til að bæta smjör- og ostagjörð á Íslandi. Þetta gefst yður, herra amtmaður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það hlutaðeiganda, og skal því við bætt, að dómsmálastjórnin hefir hlutast til um, að þu þetta verði borgað cand. polyt. Th. Segelcke, sem hefir lofað, að sjá um að fænu verði varið eins og ætlað er.

21. júní.

68. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um jarðnæði handa presti.

Í bræfi, dagsettu 6. apríl þ. á. hefir stiptamtið og þér, háæruverðugi herra, látið uppi álit yðar útaf gjörð hlutaðeiganda héraðsprófasts, hins setta sýslumanns í syðri hluta Barðastrandar sýslu og fleiri manna, sem fram fór 20. júní f. á., til þess að vísa á jarðnæði handa Andrèsi presti Hjaltasyni í Flatey; með gjörð þessari var honum að eins fengið 2½ hundr. af Flatey til grasnytja og skýrskotað jafnframt til þess, að prestur mundi efnalaus og ófær til að hafa meiri jörð undir, en prestur hefir lýst því yfir, að hann sè óánægður með þetta, og heimtað, að sèr verði fengin þau 10 hundr. af Flatey, sem útnefnd voru til afnota handa prestinum þar með gjörð 26. júlí 1809, eða að minnsta kosti 5 hundr. með tilheyrandi húsum. Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að jafnframt og byggt er á því, að það sè rétt, sem prestur til greinir um innihald tæðrar gjörðar, 26. júlí 1809, í bræfi til stiptsyfirvaldanna, dagsettu 12. júlí 1870, að með henni sè útnefnd þessi 10 hundr., og ætluð prestinum í Flateyjarkalli til